

ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

## VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimil að hækka og lækka gjöld þau sem um ræðir í gjaldskránni um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar eldri gjaldskrár Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. apríl 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

**um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Vatnsstíg, Frakkastíg, Vitastíg, Barónsstíg, Ránargötu, Bárugötu og á 5 reitum á bifreiðastæði við Garðastræti, verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1970.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólamerkissjóð Eiðaskóla, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1970.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Skólamerkissjóðs Eiðaskóla.**

Til sjóðs þessa var fyrst stofnað með upptöku merkis fyrir skólann á 75 ára afmæli hans 1958. Merkið teiknaði Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri og var það vígt og helgað á afmælishátíðinni af biskupi Íslands Ásmundi Guðmundssyni, dr. theol., fyrsta skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum.